



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## VERKLAGSREGLUR um ótímabundnar ráðningar akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands

Bls. 1 af 3

Áb: Framgangsnefnd,  
starfsmannasvið, vísinda-  
og nýsköpunarsvið  
Samb. í háskólaráði  
5. október 2017  
Málsnúmer: HÍ17100069

Verklagsreglur þessar eru byggðar á 31. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og reglum um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands nr. 263/2010 með síðari breytingum. Þeim er ætlað að skýra feril mála og málsmeðferð.

Í samræmi við 31. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands er upphafleg ráðning akademískra starfsmanna að jafnaði tímabundin til fimm ára, hvort sem um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Starfsmaður öðlast ekki sjálfkrafa rétt til ótímabundinnar ráðningar að lokinni tímabundinni ráðningu. Rektor tekur ákvörðun um hvort ráðning akademíks starfsmanns verður ótímabundin, að fenginni tillögu framgangsnefndar Háskóla Íslands í samræmi við ákvæði reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands. Þegar akademískir starfsmenn rannsóknasetra eiga í hlut hefur rektor þessa heimild.

Við sérstakar aðstæður, svo sem þegar um er að ræða veikinda- eða barnsburðarorlof, er forseta viðkomandi fræðasviðs heimilt að framlengja tímabundna ráðningu um allt að tvö ár. Það sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki kröfur um lágmarksstigafjölda skv. matskerfi opinberra háskóla af öðrum málefnalegum ástæðum og telja má líkur á að tilskilinn stigafjöldi náist ef tímabundin ráðning er framlengd. Þegar akademískir starfsmenn rannsóknasetra eiga í hlut hefur rektor þessa heimild.

### Yfirlit yfir verklag og tímamörk

- Upphafleg ráðning akademískra starfsmanna er að öllu jöfnu bundin til fimm ára.
- Um það bil tólf mánuðum fyrir lok tímabundinnar ráðningar getur umsækjandi kannað stigastöðu sína hjá vísinda- og nýsköpunarsviði háskólans. Nái umsækjandi ekki tilskildum lágmarksstigum er forseta fræðasviðs hans heimilt að framlengja tímabundna ráðningu um allt að tvö ár. Þegar akademískir starfsmenn rannsóknasetra eiga í hlut hefur rektor þessa heimild.
- Akademískir starfsmenn sækja um ótímabundna ráðningu 9-12 mánuðum fyrir lok tímabundinnar ráðningar sinnar með rafrænu bréfi til rektors, ásamt tilskildum meðfylgjandi gögnum.
- Rektor sendir umsóknina áfram til starfsmannasviðs til meðferðar.
- Starfsmannasvið, í umboði rektors, sendir umsóknina til forseta viðkomandi fræðasviðs sem aflar umsagnar viðkomandi deildar. Forseti fræðasviðsins skilar umsögninni til framgangsnefndar innan tveggja mánaða.
- Framgangsnefnd tekur umsóknina til umfjöllunar.
- Ef framgangsnefnd Háskóla Íslands mælir gegn ótímabundinni ráðningu skal nefndin rökstyðja þá niðurstöðu sína og veita umsækjanda allt að 14 daga andmælarétt.
- Framgangsnefnd skilar umsögn sinni til rektors eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok tímabundnu ráðningarinnar.
- Niðurstaða rektors skal liggja fyrir að minnsta kosti þremur mánuðum áður en tímabundinni ráðningu umsækjanda lýkur.

## Verklag og tímamörk

### 1. Forkönnun

Um það bil ári fyrir lok tímabundinnar ráðningar og áður en umsókn um ótímabundna ráðningu er lögð fram getur umsækjandi kannað stigastöðu sína samkvæmt matskerfi opinberra háskóla hjá vísinda- og nýsköpunarsviði háskólans. Ef sú forkönnun sýnir að umsækjandi nær ekki tilskildum lágmarksstigum er forseta viðkomandi fræðasviðs heimilt að framlengja tímabundna ráðningu um allt að tvö ár. Þegar akademískir starfsmenn rannsóknasetra eiga í hlut hefur rektor þessa heimild.

### 2. Umsókn um ótímabundna ráðningu

**2.1.** Akademískir starfsmenn sækja um ótímabundna ráðningu til rektors 9-12 mánuðum áður en tímabundinni ráðningu lýkur.

**2.2.** Samskipti vegna umsóknar skulu að öllu jöfnu vera rafræn.

**2.3.** Með umsókn skal umsækjandi leggja fram greinargerð, að hámarki þrjár blaðsíður, um störf sín við Háskóla Íslands við rannsóknir, kennslu, stjórnun og þjónustu frá upphafi tímabundnu ráðningarinnar. Með umsókninni skal fylgja ferilskrá og ritaskrá, þ.e. upplýsingar um helstu ritverk sem umsækjandi hefur birt. Einnig skulu fylgja upplýsingar um þau störf umsækjanda sem tengjast kennslu og kennsluþróun (kennsluferilsskrá), s.s. námskeið í kennslufræðum sem hann hefur sótt við Kennslumiðstöð eða sambærileg námskeið sem viðkomandi hefur sótt á námsferli sínum. Jafnframt skal umsækjandi leggja fram upplýsingar um stjórnunar- og þjónustustörf, m.a. setu í nefndum og þátttöku í fræðasamfélaginu fyrir hönd deildar sinnar, fræðasviðs eða háskólans, auk upplýsinga um önnur störf sem snúa að þróun og uppbyggingu deildarinnar og/eða fræðasviðsins. Umsækjandi skal jafnframt nefna a.m.k. fjóra utanaðkomandi sérfræðinga sem geta veitt umsögn um verk hans. Með verkum er átt við ritstörf og önnur störf, s.s. við kennslu og stjórnun. Umsóknargögn skulu takmarkast við hina tímabundnu ráðningu, þ.e. eiga einungis við þann tíma sem starfsmaðurinn hefur gegnt tímabundinni ráðningu sem akademískur starfsmaður við Háskóla Íslands, sbr. 8. gr. reglna nr. 263/2010.

**2.4.** Starfsmannasvið og vísinda- og nýsköpunarsvið bjóða akademískum starfsmönnum sem eru ráðnir tímabundið upp á kynningu á vor- og haustmíssi þar sem fjallað er um umsóknarferil og skilyrði fyrir ótímabundinni ráðningu.

### 3. Úrvinnsla umsókna

**3.1.** Rektor sendir umsókn um ótímabundna ráðningu til sviðsstjóra starfsmannasviðs til frekari vinnslu og hann stofnar mál um umsóknina í Námu. Öll gögn málsins skulu vistuð þar undir málaskrárnúmeri viðkomandi umsóknar.

**3.2.** Sviðsstjóri starfsmannasviðs staðfestir við umsækjanda móttöku á umsókninni um ótímabundna ráðningu fyrir hönd rektors með tölvupósti. Þar skal koma fram að umsóknin verði send til viðkomandi fræðasviðs sem aflar umsagnar viðkomandi deildar. Umsögnin er síðan send ásamt framlögðum gögnum til framgangsnefndar sem skilar tillögu sinni um hvort ráða beri umsækjanda ótímabundið til rektors eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok tímabundinnar ráðningar viðkomandi starfsmanns.

**3.3.** Sviðsstjóri starfsmannasviðs sendir sviðsforseta, deildarforseta og mannauðsstjóra viðkomandi fræðasviðs tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn fræðasviðsins og

deildarinnar um hvort mælt sé með að viðkomandi sé ráðinn ótímabundið við skólann. Umsagnir skulu undirritaðar af viðkomandi sviðsforseta og deildarforseta og berast starfsmannasviði innan tveggja mánaða.

**3.4.** Þegar akademískir starfsmenn Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands eiga í hlut skal starfsmannasvið senda ráðgefandi nefnd stofnunarinnar umsóknina til umsagnar um hvort mælt sé með að viðkomandi starfsmaður sé ráðinn ótímabundið. Umsögn nefndarinnar skal berast innan tveggja mánaða og vera undirrituð af formanni hennar.

**3.5.** Í umsögn fræðasviðsins og deildarinnar skal koma fram stutt yfirlit yfir unnin störf umsækjanda og árangur í starfi. Tiltaka þarf árangur við kennslu, rannsóknir og stjórnun. Einnig skal afstaða tekin til samskipta- og samstarfshæfni umsækjanda. Koma þarf fram hvort viðkomandi aðilar mæli með að umsækjanda verði veitt ótímabundin ráðning við Háskóla Íslands.

**3.6.** Þegar umsögn fræðasviðsins og deildarinnar liggur fyrir fer umsókn til meðferðar hjá framgangsnefnd. Framgangsnefnd getur kallað eftir umsögnum sérfræðinga um störf umsækjanda og leggur hún fram tillögu til rektors á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Framgangsnefnd getur nýtt sér umsagnir um framgangsúmsóknir umsækjandans enda séu þær ekki eldri en tveggja ára. Einnig getur nefndin aflað frekari gagna, eftir því sem þurfa þykir eðli málsins samkvæmt.

**3.7.** Eftirfarandi eru helstu mælanlegu kröfur sem framgangsnefndin hefur til hliðsjónar við mat sitt, sbr. nánar 6. og 9. gr. reglna nr. 263/2010:

- a. Umsækjandi hafi aflað sér 40 aflstiga<sup>1</sup> (kennarar)/50 aflstiga (sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn) á reynslutímanum. Þetta gildir þó ekki um þá sem ráðnir eru á listrænum forsendum. Aflstig eru metin hlutfallslega eftir starfshlutfalli viðkomandi akademísks starfsmanns. Við mat á stigum má taka tillit til samþykkra birtinga, að því tilskildu að staðfest sé að birting hafi verið samþykkt og stigafjöldi metinn.
- b. Umsækjandi hafi lokið stuttu námskeiði í kennsluáðferðum og kennslutækni við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands eða hafi hlotið hliðstæða þjálfun á öðrum viðurkenndum vettvangi. Umsækjandi leggi fram staðfestingu á að hann hafi aflað sér slíkrar þekkingar.

**3.8.** Framgangsnefnd skal veita umsögn um umsókn um ótímabundna ráðningu og senda til rektors til ákvörðunar a.m.k. fjórum mánuðum áður en tímabundinni ráðningu lýkur. Í umsögn framgangsnefndar skal koma fram hvort mælt er með að umsækjandi sé ráðinn ótímabundið við Háskóla Íslands eða ekki. Ef framgangsnefnd Háskóla Íslands mælir gegn ótímabundinni ráðningu skal nefndin rökstyðja þá niðurstöðu sína og veita umsækjanda allt að 14 daga andmælarétt.

**3.9.** Niðurstaða rektors skal liggja fyrir a.m.k. þremur mánuðum áður en tímabundinni ráðningu lýkur og tilkynnir hann umsækjanda niðurstöðu sína bréflaga.

Framgangsnefnd gerir tillögur um breytingum á verklagsreglum þessum þegar þess er talin þörf og eru þær staðfestar af rektor Háskóla Íslands.

<sup>1</sup> Aflstig: Stig úr tilteknum flokkum í rannsóknahluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. 1. tl. 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 263/2010 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands.